

Reglur um BA-ritgerðir og sambærileg verkefni til BA-prófs í lögfræði

Samþykktar á deildarfundum 23. ágúst 2005, m.br. 21. mars 2006 og 26. ágúst 2008

1. gr.

Stúdent skal velja sér efni til BA-ritgerðar eða annað sambærilegt verkefni til BA-prófs fyrir 15. október ár hvert, sem skilað skal 15. apríl, 15. ágúst eða 15. desember, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Lagadeild býður upp á ákveðin ritgerðarverkefni í byrjun október hvers árs sem gildir í eitt ár fyrir þá skiladaga sem tilgreindir eru í 1. mgr. Nemendur sem ekki skila BA-ritgerð innan árs skulu velja sér nýtt ritgerðarefni. Deildarforseti má veita undanþágu frá þessum tímamörkum ef vitaleysisástæður eru fyrir hendi.

Stúdentum er heimilt að skrifa um sama verkefnið enda þótt þeir vinni ekki saman að verkefninu, sbr. 3. mgr. 2. gr. Ritgerðir stúdenta, sem skilað er á fyrsta skiladegi, skulu ekki sendar Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni fyrir en eftir síðasta skiladag. Með ritgerð skal fylgja sérstök yfirlýsing stúdents um að hún sé hans eigið hugverk og allra heimilda sé skilvíslega getið í samræmi við venjur vísindasamfélagsins, auk þess að hann muni ekki afhenda öðrum stúdentum eintak ritgerðarinnar, í heild eða hluta, fyrr en að liðnum síðasta skiladegi, sbr. 1. mgr. 4. gr. Lagadeild leggur til staðlað form fyrir slíka yfirlýsingu.

Stúdent skal tilkynna fyrir 15. október á hvaða skiladegi hann hyggst afhenda ritgerð sína. Stúdent, sem tilkynnir skil á fyrsta skiladegi, á ekki rétt á aðstoð umsjónarmanns eftir þann skiladag ná hann ekki að skila ritgerð sinni í tæka tíð. Á sama hátt á stúdent, sem hyggst skila ritgerð sinni á öðrum eða þriðja skiladegi, ekki rétt á aðstoð umsjónarmanns eftir þann skiladag ná hann ekki að skila ritgerð sinni í tæka tíð.

Efni ritgerðar eða umfang verkefnis skal vera skýrlega afmarkað og má það ekki vera óhæfilega víðtækt. Með samningu BA-ritgerðar skal m.a. leitast við að laða fram og þjálfa hæfni stúdents við að móta lögfræðilega niðurstöðu á grunni faglegra röksemda. Sambærilegt viðmið gildir um annars konar verkefni til BA-prófs. Með slíku verkefni er t.d. átt við kerfisbundna könnun á réttarframkvæmd á tilteknu sviði, ásamt fræðilegri markmiðslýsingu og rökstuddum niðurstöðum þeirrar könnunar. Við gerð verkefnis má m.a. nýta þverfaglegar aðferðir, eftir því sem við getur átt.

Eftir að stúdent hefur valið sér efni til ritgerðar eða annað verkefni skal lagadeild skipa umsjónarkennara með ritgerðinni eða verkefninu.

Innan þeirra tímamarka sem greind eru í 1. mgr. skal leggja fram skriflega á skrifstofu lagadeildar val á efni á sérstökum eyðublöðum sem þar fást. Í því skal koma fram, hvort stúdent stefni að ritgerðarsmið eða annars konar verkefni.

2. gr.

BA-ritgerð eða annars konar verkefni til BA-prófs skal vera á einu sviði lögfræði, enda sé það skilgreint fyrirfram.

Vinna við ritgerð svarar til náms á 1/5 hluta misseris og jafngildir hún 6 námseiningum. Ritgerð skal vera 15-25 blaðsíður að lengd, miðað við eðlilegt efnismagn á síðu (12 punkta leturstærð og eitt og hálf línubil), að frátöldu efnis-yfirliti og skrá.

Heimilt er tveimur stúdentum að vinna saman að rannsóknarverkefni og ritgerðarsmið, er báðir fái einkunn fyrir, enda samþykki lagadeild þá tilhögun. Í slíku tilviki verður að vera nægilega ljóst um vinnuframlag hvors um sig og hvor þeirra fullnægi settum námskröfum. Miða skal við að ritgerð tveggja stúdenta sé 30-50 blaðsíður að lengd.

Ef stúdent óskar eftir að vinna að öðru lokaverkefni en ritgerð skal þess gætt að nám og prófkröfur séu ekki minni en sú vinna sem liggur að baki fullnægjandi ritgerð.

3. gr.

Vinna við BA-ritgerð eða annars konar verkefni til BA-prófs skal byggð á sjálfstæðri vinnu stúdents undir handleiðslu og eftirliti umsjónarkennara hans. Stúdent vinnur sjálfstætt að heimildaöflun og ritun ritgerðar eða verkefnis.

Leiðbeining felst í því að umsjónarkennari skal hitta nemendur með sama ritgerðarefni á einum hópfundi í byrjun. Síðan skal hver nemandi eiga þess kost að hitta umsjónarkennara á tveimur fundum á tímum sem umsjónarkennari ákveður. Í framangreindri leiðbeiningu skal felast að kennari lesi yfir drög að meginefni ritgerðar áður en henni er skilað og samþykkja fyrirfram tilhögun á lokaverkefni.

Lagadeild gengst árlega fyrir námskeiði fyrir þá sem eru að hefja ritgerðarsmið eða annars konar verkefnavinnu til BA-prófs. Á námskeiðinu skal koma á framfæri hagnýtum leiðbeiningum til stúdenta um grundvallarreglur við gerð fræðilegra ritgerða, þ. á m. um öflun og notkun heimilda.

4. gr.

BA-ritgerð skal skila í einu eintaki á skrifstofu lagadeildar þann 15. apríl vegna útskriftar í júní það ár, þann 15. ágúst vegna útskriftar í október það ár og þann 15. desember vegna útskriftar í febrúar árið eftir. Sömu tímamörk eiga við skil á lokaverkefni til BA-prófs. Deildarforseti má veita undanþágu frá þessum tímamörkum ef brýnar ástæður eru fyrir hendi.

Ritgerð skal stimpluð sem námsritgerð. Skytt er að geta umsjónarkennara ritgerðar eða lokaverkefnis.

Ef stúdent hefur ekki valið ritgerðarefni eða lokaverkefni svo tímanlega sem mælt er fyrir í 1. mgr. 1. gr. skal ekki veita ritgerð eða verkefni viðtöku nema deildarforseti samþykki.

5. gr.

Umsjónarkennari gefur einkunn fyrir BA-ritgerð eða annars konar verkefni til BA-prófs.

Til þess að ritgerð eða verkefni sé fullnægjandi þarf ritgerðin eða verkefnið að hljóta minnst einkunnina 6,0.

Til þess að ritgerð hljóti fyrstu einkunn, þ.e. einkunnina 7,5 - 8,5, þurfa efnistöð að vera góð og jafnframt mega ekki vera umtalsverðir ágallar á meðferð heimilda, málfari og frágangi ritgerðarinnar. Sama gildir um verkefni, eftir því sem við á.

Til þess að ritgerð hljóti ágætiseinkunn, þ.e. einkunnina 9,0 - 10,0, þurfa efnistöð að vera framúrskarandi góð og jafnframt verður meðferð heimilda, málfar og frágangur ritgerðarinnar að vera nánast hnökralaus. Sama gildir um verkefni, eftir því sem við á.

Standist BA-ritgerð ekki lágmarkskröfur samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglna þessara og stúdent ákveður að kæra einkunn sína á grundvelli 2. mgr. 59. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, ber honum að skila aukaeintaki ritgerðarinnar með kæru sinni.

Ákvæði til bráðabirgða, 23. ágúst 2005

Heimilt verður að skila BA-ritgerð samkvæmt síðasta skilafrest skv. 1. mgr. 4. gr. hinn 15. desember 2005.

Ákvæði til bráðabirgða, 21. mars 2006

Ofangreindar breytingar (á 4. mgr. 1. gr., 1. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 5. gr.) öðlast gildi nú þegar.